

Nokkrar föndurhugmyndir sem tengjast stærðfræði

1. Gera hveitibatiksmyndir og nota formin:

- Klippa niður léreft í ca. stærðina 25x25 cm. Hveiti og vatni blandað saman og sett í t.d. tómatsósu-, sinneps- eða aðra plastbrúsa sem auðvelt er að kreista. Þykktin á hveiti og vatni höfð þannig að frekar auðvelt sé að kreista úr brúsunum. Hvert barn fær einn léreftsbút og sprautar eitt stórt form á hann. Það er svo látið þorna og þegar það er orðið þurrt er léreftið málað með taulit. Þegar svo liturinn hefur þornað er hveitið brotið af (gott að geyma það fyrir annað föndur) og þá er komin þessi fína mynd. Við höfum gert úr þessu bæði myndir til að hengja í glugga og saumum við þá niður smá hluta og setjum grillpinna í gegnum, setjum svo band á pinnann og hengjum í glugga eða á vegg. Við höfum líka gert svona sem púða og er þá hver léreftsbútur helmingi stærri svo hægt sé að sauma saman og setja fyllingu í púðann.



2. Gera formaóróa úr trölladeigi og hengja í glugga:

- Búa til trölladeig sem harðnar. Krakkarnir móta síðan þrjú til fjögur form hvert og það er látið harðna áður en það er málað með þekjultum. Þegar búið er að mála formin báðum megin eru þau bundin saman í óróa og efsta bandið er bundið á gardínustöng sem er hengd í gluggann.



3. Gera tölustafi úr trölladeigi:

- Búa til trölladeig sem harðnar. Krakkarnir velja síðan nokkra tölustafi sem þeir móta í úr deiginu og mála þá þegar deigið er fullharðnað. Gott að hafa tölustafina fyrir framan sig á blaði til að auðvelda verkið.



4. Gera sandmynd þar sem á að nota mikið af formum:

- Þetta höfum við gert með elsta árganginum í ein 15 ár og er alltaf jafn vinsælt. Hér er notað hvítt karton í stærðinni A2. Krakkarnir teikna á blaðið stóra mynd og eiga að nota eins mikið af formum í myndina og þau geta miðað við hvað þau eru að teikna. Krakkarnir teikna gjarnan hús, eldflaugar, skip, manneskjur. Áður en þau byrja á myndinni er gott að benda þeim á að hafa ekki mikið af smáatriðum á myndinni því það er erfitt að vinna með það. Þegar búið er að teikna stóru myndina er farið með lím í allar útlínur og þær hafðar frekar þykkar. Sandi er svo stráð yfir límið og passað upp á að hafa frekar meira en minna af honum. Þegar þetta er orðið þurrt er sandinum hellt af og myndin máluð með vatnslitum. Til að fá sem sterkastan lit er krökkunum bent á að nota minna vatn en meiri lit. Við hengjum síðan myndirnar upp með klemmum á snúru en þegar þær fara heim með börnunum eru gjarnan keyptir ramar því þetta eru svo skemmtilegar myndir og litríkar.



5. Gera stórar formafigúur:

- Hér eru gerðar mjög stórar myndir og t.d. búkurinn er karton í stærðinni A2 og eru nokkrir saman að gera hverja figúru. Krakkarnir fá að nota þau skapalón sem þau telja sig þurfa og t.d. fara þau gjarnan fram í eldhús og fá lánað stórt pottlok til að nota fyrir höfuð. Krakkarnir hafa algjörlega frjálsar hendur með hvernig fólk það gerir, einu skilyrðin eru þau að það þarf að gera allt úr formum og er áskorunin oft mikil fyrir krakkana. Ég man t.d. eftir einu strák sem vildi setja fingur á sína figúru og var mikið að velta því fyrir sér hvernig best væri að redda því. Eftir miklar þælingar og umræður kviknaði ljós og strákurinn sagði að ef hann gerði hringi og klippti hvern í tvennt gæti hann notað það fyrir fingur. Þessar stóru figúur eru svo festar upp á vegg og þær eru ótrúlega fjölbreyttar og skemmtilegar. Þegar þær hafa svo lokið sínu hlutverki eru þær teknar í sundur og kartonið notað eins og hægt er í annað föndur.

